

12. gr.

Laun í orlofi og veikindum

Sveitarstjórnarfulltrúar skulu fá greidd laun á meðan á sumarleyfi sveitarstjórnar stendur.

13. gr.

Ferðakostnaður

Þingeyjarsveit greiðir ferðakostnað fulltrúa vegna ferða á vegum sveitarfélagsins. Fulltrúar skulu fá samþykki sveitarstjórnar fyrir öllum ferðum og útgjöldum fyrir fram.

Útlagður kostnaður á ferðalögum er greiddur á grundvelli framlagðra reikninga.

Þingeyjarsveit greiðir fulltrúum kílómetragjald fyrir akstur á eigin bifreið vegna starfa í þágu sveitarfélagsins skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar hverju sinni. Greitt er samkvæmt akstursskýrslu eða reikningi.

Við skipulagningu ferða skal ávallt velja þá ferðatilhögun sem er hagstæðust fyrir sveitarfélagið, t.d. nýta ökutæki sveitarfélagsins, leigja bíl eða samnýta ferðakosti ef mögulegt er.

Velji fulltrúi ekki þann ferðamáta sem væri hagstæðastur fyrir sveitarfélagið, t.d. ef fulltrúi velur að fara á eigin bíl þegar ódýrara væri að fljúga eða leigja bíl, skal fulltrúinn sjálfur bera þann umframkostnað sem val hans veldur. Fulltrúi skal hafa samráð við sveitarstjóra áður en ferðamáti er ákveðinn.

Sveitarstjórn getur heimilað að greiddir séu dagpeningar vegna ferðalaga erlendis, t.d. ef ferðast er til landa þar sem þjófnefnd er stór hluti útgjalda eða ekki er hefð fyrir að gefa út reikninga.

14. gr.

Um fjármálaráðstefnu, héraðsnefnd og ársþing Eyþings

Aðalfulltrúum í sveitarstjórn er heimilt að sækja fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, þing SSNE og héraðsnefndar Þingeyinga án sérstakrar samþykktar sveitarstjórnar. Greitt er fyrir setuna skv. 1. mgr. 8. gr.

15. gr.

Skil á skýrslu

Fyrir setu á fundum sveitarstjórnar, nefnda og ráða sveitarfélagsins er greitt skv. staðfestum fundargerðum. Fulltrúi ber sjálfur ábyrgð á að koma réttum upplýsingum um setu á öðrum fundum, akstur og útlagðan kostnað til launafulltrúa eða fjármálastjóra sveitarfélagsins eftir því sem við á.

16. gr.

Gildistaka

Reglurnar taka þegar gildi og um leið falla eldri samþykktir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar úr gildi.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 17. ágúst 2022

Yfirlit fjárhæða²:

Sveitarstjórn (á mán./á hvern fund)	Mánaðarlaun	Fundarseta
Oddviti (150% / 37,5%)	202.500	50.625
Aðalfulltrúi (100% / 25%)	135.000	33.750
Varafultrúi (- / 50%)		67.500
Nefndir og ráð (á mán./á hvern fund)		Fundarseta
Formaður (- / 35%)		47.250
Aðalmaður (- / 25%)		33.750
Varamaður		47.250
Annað		Fundarseta/dagur
Fundir samstarfsvettvanga (- / 25%)		33.750
Ráðstefnur og fundir, á dag (- / 35%)		47.250
Kjörstjórn	Dagvinna	Yfirvinna
Vinna kjörstjórnar vegna kjörfundar (lfl. 129)	2.701	4.561

² Ef misræmi er á milli yfirlits yfir fjárhæðir og texta samþykktar gildir texti samþykktar.